

## Breytinga á skipulagslögum nr. 123/2010 - Lagabreyting nr. 135/2012

**Til** : bygg@klaustur.is;arinnbjorn@gardabaer.is;bardur@arborg.is;birgir@kopavogur.is;Bjarki Jóhannesson;frida@stykkisholmur.is;bjarni@thingeyjarsveit.is;bjarni@thingeyjarsveit.is;bthe@itn.is;finnur@mos.is;g aukur@husavik.is;gisli@tvest.is;gudlaugur.h.sigurjonsson@reykjanesbaer.is;gfb@hveragerdi.is;agogg@gmail.com;t gj@tgj.is;hjortur@hvalfjardarsveit.is;ingvar@grindavik.is;boltak@bolungarvik.is;johannb@isafjordur.is;jonben@sand gerdi.is;skipulag@kjos.is;jonbygg@skagafjordur.is;jobbygg@skagafjordur.is;jokull@grundarfjordur.is;omar@egilsstad ir.is;pbj@akureyri.is;petur@sudurland.is;petur@sudurland.is;hruni@fludir.is;petur@sudurland.is;gnupverjahreppur@ xn--suurland-42a.is;bikf@caa.is;sigurdur@olfus.is;sigurdur@verkaust.is;sigurdur@verkaust.is;sigj@sfk.is;bygg@vestmannaeyjar. is;sigurdur@vogar.is;sigjak@simnet.is;grundarfjordur@grundarfjordur.is;smari@snb.is;stefan@blonduos.is;fjardaby ggd@fjardabyggd.is;thorbua@seltjarnarnes.is;horgarsveit@horgarsveit.is

**Frá** : grimaek@skipulagsstofnun.is

**CC** : hafdis@skipulagsstofnun.is

**Heiti** : Breytinga á skipulagslögum nr. 123/2010 - Lagabreyting nr. 135/2012

**Málsnúmer** : 1301279

**Málsaðili** : Skipulagsstofnun

**Skráð dags** : 07.01.2013 14:55:31

**Höfundur** : grimaek@skipulagsstofnun.is

Ágæti viðtakandi!

Þann 31. desember 2012 tók gildi breyting á skipulagslögum nr. 123/2010 um þann tímafrest sem sveitarstjórn hefur til að birta auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda um samþykkt deiliskipulags.

[Lagabreytingin nr. 135/2012](#) tekur til allra deiliskipulagstillagna í málsmeðferð, svo sem í vinnslu, í auglýsingu og kynningu. Lagabreytingin tekur einnig til deiliskipulagsáætlana sem þegar hafa verið samþykktar í sveitarstjórn en minna en þrjú mánuðir voru frá samþykkt sveitarstjórnar við gildistöku lagabreytingarinnar 31. desember sl. Nýr tímafrestur, sem er ár, reiknast frá því að athugasemdafresti á auglýstri tillögu lýkur, þ.e. fyrir nýtt deiliskipulag eða verulega breytingu á deiliskipulagi. Þegar um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi reiknast ársfresturinn frá samþykkt sveitarstjórnar á breytingunni.

Vakin er athygli á að lagabreytingin er ekki afturvirk og mun því ekki taka til deiliskipulagstillagna sem við áramót voru þegar ógildar vegna ákvæðis 2.mgr. 42. gr. skipulagslaga um tímafresti sem voru í gildi fyrir lagabreytinguna. Þær deiliskipulagstillögur þarf að auglýsa að nýju skv. 41. gr. skipulagslaga.

2. mgr. 42. gr. skipulagslaga verður svohljóðandi:

*Hafi auglýsing um samþykkt deiliskipulags ekki verið birt í B-deild Stjórnartíðinda innan árs frá því að athugasemdafresti tillögu til deiliskipulagsins lauk telst deiliskipulagið ógilt og fer þá um það í samræmi við 41. gr.*

Við 4. mgr. 44. gr. skipulagslaga bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

*Hafi auglýsing um óverulega breytingu á deiliskipulagi ekki verið birt í B-deild Stjórnartíðinda innan árs frá samþykki sveitarstjórnar telst breytingin ógild.*

Skipulagsstofnun.

## **Kveðja**

### **Gríma Eik Káradóttir**

Sérfræðingur, upplýsinga- og skjalamál - Librarian  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Laugavegur 166, 150 Reykjavík, Ísland - Iceland  
sími 595 4100, fax 595 4165  
grimaeik@skipulagsstofnun.is  
www.skipulagsstofnun.is